

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ.

Ár 2014, fimmtudaginn 21. ágúst, kl. 11,30, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni, Lúðvík Erni Steinarssyni og Jóhannesi Albert Sævarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 3/2014:

Knattspyrnudeild Víkings Ólafsvík

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi:

Dómur.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Lúðvík Erni Steinarssyni og Jóhannesi Albert Sævarssyni.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp 12. ágúst 2014. Kæra var móttækin 18. sama mánaðar.

Samkvæmt hinum kærða úrskurði var Eypór Helgi Birgisson leikmaður í lið Víkings Ólafsvík úrskurðaður í fimm leikja bann og félagið sektað um kr. 100.000.

Áfrýjandi krefst þess að aðallega að leikbann Eypórs Helga verði stýtt úr fimm leikjum í einn og sekt félagsins felld niður.

Engar kröfur hafa borist frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Samkvæmt grein 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal aga- og úrskurðarnefndin úrskurðað um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara. Nefndin hefur gert það í máli þessu.

Samkvæmt grein 6.2. í nefndri reglugerð getur leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs, sem fær brottvísun, gert skriflega athugasemd við aga- og úrskurðarnefnd til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Engar athugasemdir bárust aga- og úrskurðarnefnd.

Samkvæmt grein 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir dóminn, né heldur skulu fara fram vitna- og aðilaskýrslur, en dóminum er þó veitt heimild til þess að víkja frá þessum reglum. Dómurinn telur að ekki séu efni til að víkja frá nefndri meginreglu í máli þessu.

Fram kemur í skýrslu dómara leiksins að Eyþór Helgi hafi fengið beint rautt spjald í leik Víkings Ólafsvík og Grindavíkur 9. ágúst 2014 vegna þess sem kallast ofsaleg framkoma. Í skýrslu dómarans er Eyþór Helgi sagður hafa hrint mótherja þegar knötturinn var úr leik og sagt aðstoðardómara „að drulla sér aftur til Rússlands.“ Á grundvelli skýrslu dómarans var Eyþór Helgi, sem er leikmaður Víkings Ólafsvík úrskurðaður í fimm leikja bann og félag hans sektað um kr. 100.000. Ákvörðun er byggð á grein 16.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæði þetta hljóðar svo:


Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirleitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki. Jafnframt skal viðkomandi sæta banni frá viðkomandi leikvelli og sekt að lágmarki að upphæð kr. 100.000. Ef sá brotlegi er forsvarsmáður liðs skal sekt nema að lágmarki kr. 150.000.

Ákvæði þetta mun hafa verið tekið upp í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að erlendri fyrirmynd, þar sem því var einkum ætlað að sporna við kynþáttafordómum í garð leikmanna.

Í máli þessu er ágreiningslaust að dómari vísaði Eyþóri Helga af velli með því að sýna honum beint rautt spjald eftir að hann hafði áður hlotið gult spjald. Ekkert liggur fyrir um að framkoma leikmannsins hafi verið ofsafengin. Þá verður ekki fallist á það að orðbragð leikmannsins þegar hann gekk af velli hafi verið með þeim hætti að hann hafi með framferði sínu og ummælum gerst brotlegur við grein 16.1. Orðfæri Eyþórs Helga þegar hann gekk af velli var honum hins vegar ekki til sóma. Með vísan til þessa er fallist á kröfur Víkings Ólafsvík um að leikbann Eyþórs Helga taki til eins leiks. Grein 16.1 geymir ekki skýra og ótvíræða heimild til að sekta aðra en leikmenn og forsvarsmenn félaga. Víkingur Ólafsvík verður því ekki gerð sektarrefsing.

Dómsorð.


Eyþór Helgi Birgisson skal sæta eins leiks banni. Knattspyrnudeild Víkings Ólafsvík er sýknuð af refsikröfu.



Sigurður G. Guðjónsson.



Lúðvík Örn Steinarsson



Jóhannes Albert Sævarsson.